

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2024
UST202405-176/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Stækkun hafnar í Straumsvík

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfismatsskýrslu ofangreindar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun veitti umsögn¹ við matsáætlun sömu framkvæmdar þann 16. febrúar sl. og um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis Rauðamelsnámu þann 10. maí 2024.²

Framkvæmdarlýsing

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn áforma að stækka Straumsvíkurhöfn. Í því felst að útbúa varnargarð, landfyllingu, viðlegubakka, efnistaka og aðkoma að stækkun hafnarsvæði. Framkvæmdunum hefur verið skipt í þrjú áfanga. Efnisþörf fyrir framkvæmdirnar eru um 2.060.000 m³. Áætlað er að sækja um 1.340.000 m³ af efni úr Rauðamelsnámu sem er rúmleg 2/3 af efnisþörf framkvæmdarinnar. Annað efni verður sótt í Vatnsskarðsnámu og námur með leyfi í sjó. Til skoðunar voru fleiri staðir á landi til efnistöku fyrir varnargarð en Rauðamelsnáma var talin ákjósanlegust, þar eru settir upp fjórir valkostir við stækkun námunar.

Framkvæmdinni er skipt upp í 3 áfanga. Fyrsti áfangi felur í sér lagningu um 800 m langs varngarðs, landfyllingu fyrir lóð Carbfix og viðlegukant fyrir gasskip tengda starfsemi Carbfix. Auk þess þarf að leggja aðkomuveg að hafnarsvæðin en efnistaka verður úr Rauðamelsnámu. Hafnarsvæðið verður stækkað um 11 ha, þar af 4 í landfyllingu. Á landfyllingu verða reist mannvirki fyrir starfsemi tengda Carbfix. Þau mannvirki sem verða á svæðinu eru lagnir, t.d. fyrir vatn og rafmagn, lagnir Carbfix frá bryggju að tönkum og að borholum, lykilbyggingu Carbfix (u.þ.b. 2.300 m²), tankar fyrir starfsemi Carbfix, hafnarhús/dæluhús, þjónustuhús á hafnarbakka (u.þ.b. 15-20 m²), spennistöð og ljósamöstur.

Áfangar tvö og þrjú fela í sér frekari stækkun á hafnarsvæðinu með landfyllingum, grjótvörn og tvo auka viðlegukanta. Samtals um 10 ha stækkun. Í áfanga 2 er gert ráð fyrir að reisa byggingar tengdar framtíðarhafnarstarfsemi þ.m.t. vöruskemmu (um 3.200 m²), þjónustuhús Hafnarfjarðarhafnar, þjónustuhús á hafnarbakka á viðlegubakka 2 (u.þ.b. 15-20 m²) og ljósamöstur. Ekki er gert ráð fyrir að reisa byggingar í þriðja áfanga.

¹ [Umsögn MÁU-Stækkun hafnar í Straumsvík-matsáætlun](#)

² [Umsögn um aðalskipulag og nýjar deiluskipulagsáætlanir](#)

Áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti eru metnir í umhverfismatssskýrslunni, straumar, öldufar og setflutningar, lífríki á landi, vatnarfar og lífríki fjöru, sjávar og tjarna, ásýnd og landslag, jarðminjar, fornleifar, útivist og ferðaþjónusta, samgöngur og landnotkun, hljóðvist og loftgæði og loftslag.

Valkostir í umhverfismati

Að mati framkvæmdaraðila eru aðeins tveir raunhæfir valkostir fyrir stórskipahöfn á svæðinu að þ.e. aðalvalkostur sem er stækkun Straumsvíkurhafnar til norðurs og svo valkostur 2, ný hafnaraðstaða í landi Óttarstaða. Stækkun Hafnarfjarðarhafnar (Óseyrarhöfn) er ekki talinn raunhæfur kostur, þar sem hann er fjarri athafnasvæði Carbfix og atvinnusvæðum Hafnarfjarðar á Völlunum. Auk þess fellur aukning á flutningi til og frá höfninni ekki að þeim markmiðum sem eru í þróun miðbæjarsvæðisins Flensborgarhafnar. Við skoðun á þeim tillögum og útfærslum sem lágu fyrir að hafnarsvæði við Óttarsstaði (valkostur 2) var ljóst að þar var um mun umfangsmeiri og stórfelldari framkvæmdir að ræða en þyrfti til varðandi aðstöðu fyrir Carbfix og atvinnustarfsemi í Hafnarfirði. Hafnargerðin er talin bæði flókin og kostnaðarsöm, auk þess sem líkur eru á að umhverfisáhrif slíkra framkvæmda yrðu talsvert umfangsmeiri en vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar (aðalvalkosti).

Mismunandi efnistökusvæði voru einnig skoðuð í valkostagreiningu verkefnisins og þótti Rauðamelsnáma falla einna best að efnisþörf framkvæmdarinnar. Frekari upplýsingar um valkosti vegna efnistöku má finna í umhverfismatssskýrslu framkvæmdarinnar.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022 – 2027. Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögumum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfismarkmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála fyrir vatnshlot eru lagalega bindandi. Þau taka m.a. til einstaka framkvæmda sem valda eða skapa hættu á að umhverfismarkmið náist ekki, viðkomandi leyfisveitingastjórnvaldi er skylt að hafna beiðni um leyfi fyrir framkvæmd sem veldur rýrnun eða skapar hættu á rýrnun á ástandi vatnshlots, nema undanþága skv. 18. gr. laganna liggi fyrir.

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á grunnvatnshlotið, Straumsvíkustraum nr. 104-265-G eru metin vera óveruleg samkvæmt umhverfismatskýrslu. Þar kemur fram að lekt jarðlaga er mikill og jarðvegslag þunnt, með litla vatnsheldni, svo ef mengunarslys verður er hættu á að mengun berist nokkuð hratt í grunnvatn. Hins vegar eru grunnvatnsstraumar sterkir á þessu svæði og því áætlað að mengun þynnist nokkuð hratt út. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað verði vel að mengunarvörnum og viðbrögðum við mengunarslysum til að fyrirbyggja að mengun berist í grunnvatnið.

Í umhverfismatskýrslu er fjallað um strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjalanes (nr. 104-1391-C) og eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda metin á þann veg að ástand vatnshlotsins rýrni ekki og að vatnshlotið nái þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það. Fjallað er um flokkun vatnshlotsins skv. álagsgreiningu sem fór fram fyrir gerð fyrstu vatnaáætlunar og að vatnshlotið hafi verið metið á þann hátt að það næði umhverfismarkmiðum (ekki í hættu). Umhverfisstofnun vill benda á í þessu samhengi að margskonar álagsþættir eru skráðir á vatnshlotið skv. vatnavefsjá stjórnar vatnamála og er vatnshlotið óflokkað m.t.t. vistfræðilegs ástands. Því hefur ekki verið staðfest að vatnshlotið nái þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það.

Fram kemur í umhverfismatskýrslu að þar sem að viðmiðundargildi blaðgrænu a eru ekki til í Straumsvík er ekki mögulegt að reikna vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu a á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að viðmiðunargildi fyrir blaðgrænu hefur verið skilgreint í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar „Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar“³ og því hægt að meta visfræðilegt ástand út frá þeim tiltekna gæðapætti jafnvel þó svo að þær mælingar sem hafa verið gerðar séu í Ánanaustum, en það svæði er innan sama vatnshlots. Fram kemur í umhverfismatskýrslunni að reiknað hafi verið út vistfræðilegt ástand út frá gæðapættinum botnþörungur á hörðum botni og skv. skýrslunni byggir það á rannsóknum í fjörum í Straumsvík og Hraunavík. Þar er gæðapátturinn metinn í flokknum *mjög gott*. Umhverfisstofnun bendir á að útreikningar sem koma fram í töflu 9.1 er ábótavant. Í útreikningum vantar matsþáttinn „tækifæristegundir“ við útreikninga á heildareinkunn. Jafnframt er bent á að viðmiðunargildi fyrir útreikninga er „20“ og þarf heildareinkunn að vera á bilinu 20-16 og útreiknað EQR á bilinu 1-0,8 til að flokkast sem *mjög gott* ástand út frá gæðapættinum *botnþörungur á hörðum botni*.

Fram kemur í umhverfismatskýrslu að Rio Tinto, rekstraraðili álversins í Straumsvík hafi staðið fyrir mælingum á næringarefnum í sjó frá 2018 sem hluti af umhverfisvöktun fyrirtækisins og að þar séu m.a. næringarefnin nítrat, fosfat og kísill mældur og að þær niðurstöður séu almennt í samræmi við þau náttúrulegu skilyrði sem ríkja í sjónum undan álverinu á þessum árstíma (lægri styrkur en vetrargildi sjávar við Ísland) og að vísbending sé þó um uppsprettur á nitrati, fosfati og ammoníaki á svæðinu frá kerbrotum rafgreiningarkerja í kerbrotagryfjum. Ekkert er þó fjallað frekar um þessar niðurstöður né

³ Rákel Guðmundsdóttir ofl. (2022). Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar. Hafrannsóknastofnun, , HV 2022-39. 41 bls.

þær settar í samhengi við gæðabætti stjórnar vatnamála. Umhverfisstofnun bendir á að níturat og fosfat (mælt við vetrarstyrk í janúar og febrúar, í mælieiningunni $\mu\text{mól/l}$) eru gæðabættir til að meta ástand strandsjávar skv. lögum um stjórn vatnamála.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er talið að framkvæmdirnar muni ekki valda því að vatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes (nr. 104-1391-C) hnigni og nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Áhrifin á strandsjávarhlotið eru því talin verða óverulega neikvæð. Umhverfisstofnun telur því þó nokkra óvissu um þá niðurstöðu þar sem um umfangsmikla framkvæmd er að ræða sem hefur staðbundin áhrif og getur jafnframt haft áhrif nokkuð út fyrir framkvæmdarsvæði t.d. vegna gruggs.

Varp í hafið

Í skýrslunni er tekið fram að efnistaka vegna hafnarframkvæmdanna verði fyrst og fremst úr námum en mögulega þurfi að dýpka höfnina á stöku stað. Líkt og segir á bls. 14 í umhverfismatsskýrslunni þarf leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna varps dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis sem og áhrifamat með tilliti til stjórnar vatnamála þurfa að berast stofnuninni með umsókn um varp í hafið.

Staðbundin loftgæði

Í umfjöllun um loftgæði í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að árið 2032 og síðar er gert ráð fyrir að 125 skip komi til hafnarinnar á hverju ári á vegum Carbfix. Gert er ráð fyrir að þau skip geti verið allt að 30.000 tonn að stærð. Að auki er gert ráð fyrir að hluti þeirra skipaumferðar sem nú er um Hafnafjarðarhöfn færast yfir á nýju höfnina í Straumsvík og að heildarumferð skipa verði þar um 200 skip á ári.

Í skýrslunni kemur hvergi fram hvað verður mikil losun loftmengunarefna frá væntanlegri skipaumferð, aðeins er tekið fram að styrkur loftmengunarefna hafi ekki farið yfir mörk á loftgæðamælistöðvum við Norðurhelli og á Hvaleyrarholti árin 2020 og 2021, ef frá er talin megun af völdum flugelda um áramót og mengun af völdum náttúrulegra atburða eins og eldgosa og sandfoks.

Umhverfisstofnun telur það vera grundvallarupplýsingar að fyrir liggja hvað verður mikil losun loftmengunarefna frá skipaumferð í stækkaðri höfn og því telur stofnunin nauðsynlegt að leggja mat á væntanlega losun frá skipum. Stofnunin leggur til svipaða aðferðarfræði eins og Faxaflóhafnir hafa notað í útstremisbókhaldi fyrir hafnir í Reykjavík. Þar er dregin lína frá Gróttu að Kjalarnesi og metin losun allra skipa sem eru á siglingu fyrir innan þá línu.

Æskilegt væri að skilgreina áhrifasvæði hafnar í Staumsvík á svipaðan hátt, t.d. með því að draga línu frá Melshöfða á Álftanesi að Keilisnesi og meta alla losun loftmengunarefna frá skipum innan þeirra línu. Í skýrslum Faxaflóhafna er horft til allra aðgerða hvers skips, þ.e. reiknuð er losun frá siglingu, frá biðtíma utan hafnar þar sem t.d. er legið fyrir akkerum, þegar verið að leggja bryggju og sigla frá bryggju en þá er oft verið að beita vélum

af meira afli og loks losun frá keyrslu ljósavéla meðan skipin eru í höfn. Síðast taldi þátturinn verður væntanlega óverulegur þar sem til stendur að landtengja öll skip í höfninni, sem er mjög jákvætt.

Vissulega verður svona mat ekki eins nákvæmt þegar verið er að spá fram í tímann heldur en þegar Faxaflóhafnir reikna fyrir liðin ár. En þó er hægt að gefa sér ákveðnar forsendur og reikna út frá þeim sem ætti að gefa góða hugmynd um stærðargráðu losunar loftmengunaefna frá skipum. Æskilegt að meta mögulega losun NO_x, PM, SO₂ og NMVOC.

Bygging hafnar af þessari stærð er með stærri framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu í langan tíma. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að huga sérstaklega að aðgerðum til að lágmarka loftmengun á framkvæmdartíma. Frá verklegum framkvæmdum getur verið mjög mikil rykmengun á formi jarðvegsryks. Þó um sé að ræða bæði tímabundin og staðbundin áhrif þá er framkvæmdatíminn mældur í árum og meðan á framkvæmdum stendur getur orðið veruleg rykmengun. Ýmsar leiðir eru færar til að lágmarka rykmengun frá framkvæmdum. Þar er fyrst að nefna að rykbinda reglulega öll vinnusvæði þar sem er umferð vinnuvéla og huga mætti að því strax í upphafi framkvæmda að malbika aðkomuveginn frá Rauðamelsnámu að hafnarsvæðinu. Einnig mætti skoða hvort ástæða sé til að setja upp dekkjapvottavélar við mörk vinnusvæða og námusvæða til að lágmarka útbreiðslu jarðvegs út í almenna gatnakerfið með tilheyrandi rykmengun. Loks má nefna aðgerðir til að hefta fok fínefna frá efnishaugum í þurru og hvössu veðri með því að úða haugana með vatni. Vatnsúði getur líka verið gagnlegur til að lágmarka ryk frá efnisvinnslu, þ.e. mölun og hörpun.

Náttúruvernd

Hrútagjárdyngja er nútíma hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruyfyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruyfyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framkvæmdirnar gera ráð fyrir næstum því þreföldun á stærð Rauðamelsnámu samanborið við eldri námu sem mun raska stóru svæði af ósnortnu hrauni sem nýtur sérstakar verndar.

Mikilvægt er að gera ráð fyrir hvernig frágangi verður háttað, og hvernig landnotkun þess svæðis verður í framtíðinni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka. Forðast ætti að raska rishólum og öðrum fallegum hraunmyndunum í Hrutargjárdyngju við stækkun Rauðmelsnámu eins og hægt er.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsta svæðið Hvaleyrarlón (vatnshlot nr. 104-1390-C) og Hvaleyrarhöfði eru á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 25. gr. laga um stjórn vatnamála en það þýðir að fylgjast þarf sérstaklega með þeim svæðum með tilliti til álags með það að markmiði að ástand þeirra hraki ekki (sjá heimasíðu stjórnar vatnamála: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/verndud-og-vidkvaem-svaedi/>).

Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði voru friðlýst sem fólkvangur árið 2009 með auglýsingu nr. 397/2009⁴. Markmiðið með friðlýsingu Hvaleyrarlóns og fjara Hvaleyrarhöfða er að tryggja útivistar- og fræðslusvæði til útiveru og fuglaskoðunar ásamt því að vernda lífríki og leirur svæðisins sem eru m.a. mikilvæg búsvæði fugla. Útivistar- og fræðslugildi svæðisins er hátt. Dýralíf í leirum er allauðugt og er fuglalíf sérlega auðugt á svæðinu. Aðgengi fyrir íbúa er gott og einnig eru grunnskóli og leikskóli í nágrenninu og svæðið því tilvalið til útikennslu. Svæðið hefur lengi verið vinsælt til útivistar og er ákjósanlegt til fuglaskoðunar allt árið, en oft má sjá á svæðinu sjaldséða gesti eins og t.d. gráhegra.

⁴ [Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði](#)

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að athuga vandlega áhrif hafnarinnar bæði á framkvæmdatíma sem og langtíma áhrif á nærliggjandi búsvæði fugla og sjávardýra í fólkvanginum.

Samlegðaráhrif framkvæmda á Straumsvíkurtjarnir

Í umfjöllun um samlegðaráhrif vegna framkvæmda Coda Terminal og stækkun hafnarinnar eru áhrifin talin vera óverulega neikvæð. Umhverfisstofnun vill benda á að hluti forsendanna til þess að meta grugg af völdum framkvæmdarinnar er það vatnsmagn sem rennur til sjávar með grunnvatnshlotinu Straumsvíkurstraumur (nr. 104-265-G). Í fjórða áfanga Coda Terminal verkefnisins er talið að áhrifa muni gæta í Straumsvíkurtjörnum, bæði niðurdráttur vegna mjög umfangsmikillar vatnstöku úr grunnvatnshlotinu og varmabreytingar. Straumsvíkurtjarnir eru nr. 112 á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Á meðan ekki liggur fyrir samþykkt náttúruminjaskrá skv. núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 gilda réttaráhrif eldri laga um náttúruvernd nr. 44/1999 í samræmi við 2. tölulið bráðabirgðaákvæðis laga 60/2013. Skv. réttaráhrifum laga nr. 44/1999 skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum.

Að mati Umhverfisstofnunar hefði verið rétt að fjalla um þau samlegðaráhrif vegna áhrifa gruggs á sýnileika dýpi og áhrifa á lífríki því tengdu þegar umfangsmikil vatnstaka hefur átt sér stað úr grunnvatnshlotinu sem þar rennur til sjávar.

Skipulag

Í greingerð kemur fram að breyta þarf aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulagi fyrir Rauðamelsnámu til þess að efnistaka úr Rauðamelsnámu sé innan skipulags.

Umhverfisstofnun vill benda á þann möguleika, líkt og kom fram í umsögn stofnunarinnar við matsáætlun framkvæmdarinnar að þar sem fyrirhuguð er stóraukin efnistaka úr Rauðamelsnámu (þreföldun) að í aðalskipulagsbreytingunum verði önnur sambærileg svæði skilgreind sem hverfisvernduð.

Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið norðan við Rauðamelsnámu, á milli Reykjanesbrautar og til sjávar, sem er ekki skipulagt í dag (skipulagi var frestað) er einnig með hátt verndargildi. Svæðið er bæði á náttúruminjaskrá og nýtur verndar sbr. 61.gr. náttúruverndarlaga. Þar sem uppbyggingu hafnarsvæðis norðvestan við Straumsvík hefur verið valið sem aðalvalkostur í stað eldri tillögu um byggingu athafnasvæðisins við Óttarstaði, væri hægt að skilgreina svæðin Hraun og Óttarsstaðir sem útivistar- og náttúruverndarsvæði í aðalskipulaginu til að vega upp á móti þeirri miklu uppbyggingu sem er að fara af stað vestan, sunnan og suðaustan megin við Straumsvík.

Mengunarvarnir

Í umfjöllun um grunnvatnshlot kemur fram að þar sem lekt jarðlaga sé mikil niður í grunnvatnshlotið, sem er stórt, sé gert ráð fyrir mikilli þynningu á menguninni og að hún mun ekki koma til með að valda því að ástand grunnvatnshlotsins hnigni.

Umhverfisstofnun vill benda á það að ekki eigi að gera ráð fyrir að mengun geti farið niður í hraun og jarðveg og þynnist þar út. Nauðsynlegt er að huga almennilega að

mengunarvörnum á framkvæmdarsvæðinu til þess að tryggja að engin mengun berist niður í jarðvegin og þaðan í grunnvatnshlotið.

Samantekt

Að mati Umhverfisstofnunar eru nokkrir þættir sem mætti bæta í umfjöllun um framkvæmdina eða aðgerðir sem gætu verið æskilegar mótvægisaðgerðir.

Umhverfisstofnun telur þó nokkra óvissu vera um þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar verði óverulega neikvæð á strandsjávarhlot þar sem um umfangsmikla framkvæmd er að ræða sem hefur staðbundin áhrif og getur jafnframt haft áhrif nokkuð út fyrir framkvæmdarsvæði t.d. vegna gruggs.

Umhverfisstofnun bendir á að útreikningar sem koma fram í töflu 9.1 er ábótavant. Í útreikningum vantar matsþáttinn „tækifæristegundir“ við útreikninga á heildareinkunn. Jafnframt er bent á að viðmiðunargildi fyrir útreikninga er „20“ og þarf heildareinkunn að vera á bilinu 20-16 og útreiknað EQR á bilinu 1-0,8 til að flokkast sem mjög gott ástand út frá gæðapættinum *botnþörungur á hörðum botni*.

Framkvæmdaraðilar ættu að gera grein fyrir þeirri losun sem verður á loftmengandi efnum sem aukin skipaumferð hefur á svæðinu sbr. umfjöllun um staðbundin loftgæði í umsögninni.

Í umhverfismatskýrslunni eru áhrif hafnaruppbyggingarinnar á friðlýsta svæðið Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði ekki metin en að mati stofnunarinnar þarf að athuga vandlega möguleg áhrif hafnarinnar bæði á framkvæmdatíma og langtíma áhrif á nærliggjandi búsvæði fugla og sjávardýra í fólkvanginum.

Jafnframt er æskilegt að framkvæmdaraðili geri grein fyrir því hvort að þær forsendur sem liggja til grundvallar mati á samlegðaráhrifum á Straumsvíkurtjarnir séu réttar og gefi raunverulega mynd af þeim áhrifum sem verða þegar tekið hefur verið tillit til niðurdráttar í grunnvatnshlotinu Straumsvíkurstraumi (nr. 014-265-G) af völdum starfsemi Coda Terminal.

Að lokum er mikilvægt að fylgja ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd líkt og tiltekið er í umsögninni, sérstaklega m.t.t. svæða sem njóta sérstakrar verndar og svæða á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir

Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri